

## Hvað þarf að koma fram í mati á hagkvæmni íbúða?

Umsækjandi skal sjá til þess að leiguíbúðir sem hann byggir eða kaupir séu svo hagkvæmar sem frekast er kostur í því skyni að unnt verði að leigja þær á viðráðanlegum kjörum.

Umsækjandi skal skila inn greinargerð um hagkvæmni þeirra íbúða sem umsækjandi er að fara byggja eða kaupa til útleigu.

Við mat á innsendum rökstuðningi á hagkvæmni íbúðarhúsnæðis skv. reglugerð nr. 1042/2013 er litið til eftirfarandi þátta.

Aldur og ástands fasteignar sem íbúð er staðsett í, með tilliti til viðhalds sem fasteignin hefur fengið í gegnum tíðina og er litið til nauðsynlegra endurbóta á fasteign sem gætu haft áhrif á leiguverð íbúðanna. Litið er til byggingarefna og byggingarforms með tilliti til viðhaldsþarfar til framtíðar og íburðar.

Stærðir íbúða miðað við herbergjafjölda sem og skipulag íbúða og nýtingu fermetra. Einnig er litið til stærð fylgirýma íbúðar í séreign.

Upplýsingar sem umsækjandi gæti nálgast og stuðst við í greinargerð:

- Söluýfirlit íbúða
- Yfirlýsingu húsfélags vegna fyrirhugaðra endurbóta
- Kostnaðarmat hugsanlegra endurbóta